

FUNDARGERÐ

Þriðji fundur samstarfshóps um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Surtsey haldinn í fjarfundi á Teams miðvikudaginn 9. október 2024 kl. 13:00.

Mættir:

Ingibjörg Marta Bjarnadaóttir, Umhverfisstofnun
Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Náttúrufræðistofnun
Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir, Surtseyjarfélagið
Svanhildur Egilsdóttir, Hafrannsóknarstofnun
Ragnheiður Björk Sigurðardóttir, Umhverfisstofnun

Forföll

Lilja Gunnarsdóttir, Hafrannsóknarstofnun
Halla Svavarsdóttir, Vestmannaeyjabær
Ólafur Einar Lárusson, Vestmannaeyjabær

Dagskrá fundar:

- Fara yfir drög að áætluninni
- Annað

Efni fundar:

Í kjölfar umræðu á síðasta fundi samstarfshópsins um viðbrögð Umhverfisstofnunar við bráðamengun í hafi við Surtsey var rætt um að fá kynningu frá Vestmannaeyjahöfn um búnað og viðbrögð vegna bráðamengunar við Surtsey.

Rætt var um möguleika á takmörkun umferðar á sjó í kringum eyrna þar sem hún eykur möguleika á flutningi framandi tegunda að eyrni, sérstaklega með erlendum skipum. Einnig er umferðin farin að vera mjög nálægt eyrni sem getur valdið truflun á selalátri og varpi.

Einnig rætt um möguleika á takmörkun á flughæð yfir eyrni á varp- og selaláturstíma en nokkuð er um lágflug yfir eyrni. Sú vinna þarf að fara fram í samráði við Samgöngustofu.

Í friðlýsingu Surtseyjar er ekki kveðið á um notkun dróna í eyrni og því rætt hvernig henni er háttað og hvort og þá hvernig takmörkun þeirrar notkunar gæti verið háttað.

Næstu skref

Umhverfisstofnun vinnur frekari texta í drög áætlunarinnar.

Umhverfisstofnun óskar eftir kynningu fyrir samstarfshópinn um viðbrögð og búnað vegna bráðamengunar við Surtsey.

Næsti fundur samstarfshóps verður í vikunni 4-8. nóvember.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 14:00.